

## Karlotta Helgadóttir

**From:** Gunnar Sigurðsson <gunnar@andark.is>  
**Sent:** mánudagur, 25. september 2023 14:20  
**To:** Skipulag  
**Subject:** Tónahvarf 12: Umsókn v. stækkunar lóðar  
**Attachments:** Tónahvarf 12 Umsókn um stækkun lóðar 230922 .pdf; F.1 LÓÐ - STÆKKUN LÓÐAR.pdf; F.2 LÓÐ - ÁSÝND\_SNIÐ.pdf

**Follow Up Flag:** Follow up  
**Flag Status:** Flagged

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsókn um stækkun á lóðinni Tónahvarf 12.  
Gögn umsóknar eru bréf hönnuðar og uppdráttur á tveimur síðum; grunnmyndir 1:200/1:500 og ásýndir/sneiðingar 1:200.

Erindi umsóknar:

Óskað er eftir að stækka lóðina Tónahvarf 12 til suðurs um 30 metra.

Svæðið sem um ræðir er á milli lóðarinnar og götu og gangstéttar sem er land í eigu Kópavogsbæjar. Upp frá gangstétt liggur brött brekka með ca. 4 metra hækkun, en þar uppi er landið aðlíðandi lóðinni.

Viðbótin við lóðina yrði nýtt sem athafnarými tengt þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu. Núverandi bílastæði á lóðinni, hið efra og neðra, yrðu framlengd um 30 metra og breikkuð. Á milli efra og neðra svæðir yrði gróin brekka sem tengist landi Kópavogsbæjar. Vegna hæðarmunarins er athafnarýmið er lítið eða ekki sjáanlegt við aðkomuna frá Vatnsendahvarfi enda mun lóðarhafi ganga þannig frá lóðinni og landi Kópavogs að við blasi gróður og rækt.

Umsóknin hefur ekki áhrif á byggingarmagn eða heimildir og nýtingarhlutfall á lóðinni lækkar.

Helstu tölur:

|                   | Var                  | Verður               |
|-------------------|----------------------|----------------------|
| Lóðastærð         | 5.287 m <sup>2</sup> | 7.387 m <sup>2</sup> |
| Byggingarmagn:    | 3.355 m <sup>2</sup> | ÓBREYTT              |
| Grunnflötur:      | 1.610 m <sup>2</sup> | ÓBREYTT              |
| Nýtingarhlutfall: | 0,77                 | 0,55                 |

Með fyrirspurninni fylgja skýringaruppdraettir í kvarðanum 1:2000, 1:500, 1:200.

Virðingarfyllt,  
Gunnar Sigurðsson  
arkitekt faí

gunnar@andark.is

s. 692 1251

Andakt arkitektar

Brúarvogi 1-3

104 Reykjavík

[www.andark.is](http://www.andark.is)

---

Þessi tölvupóstur, ásamt fylgiefni, er trúnaðarmál og aðeins ætlaður þeim sem hann er sendur til.

Öll önnur notkun er óheimil sbr.lög nr. 81/2003, 5. mgr. 47. gr.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026